



# Safnaðartíðindi

# Seljasóknar

29. ÁRG. 3. TBL. Aðventa 2008



Aðventuundirbúningur í Seljakirkju


**Kynnið ykkur  
aðventudagskrá  
Seljakirkju á baksíðu**

## Aðventan er hátíð vonarinnar!

Fyrsti sunnudagur í aðventu er næsta sunnudag. Aðventusunnudagarnir eru fjórir og svo koma jólin. Aðventuna setti kirkjan til þess að undirbúa hátíðina stóru, horfa fram á við og vænta þess góða. Það er ekki sjálfsagt að geta horft fram á við í bjartsýni, stundum er það meira að segja erfitt. Boðskapur aðventunnar og jólanna fjallar meðal annars um það þegar erfitt er að vera bjartsýn. Í þeim boðskap er talað um myrkrið, en líka ljósið, sem skín þrátt fyrir

allt, leiðina til þess að horfa fram á við í gleði. Til þess starfar söfnuðurinn þinn. Það sem fram fer í kirkjunni þinni er leið til þess að fá hjálp Guðs til bjartsýni og gleði. Það er góð leið að undirbúa jólin þannig. Komum til kirkjunnar okkar. Þar er margt í boði. Þar biðjum við saman til Guðs og fáum hjálp hans. Hittumst þar.

Valgeir Ástráðsson.



## Hvar sem fjársjóður þinn er...



Höfundur í góðum félagsskap

Aðventa er tími væntinga. Við horfum til jólahátíðar, sem er ljóssins hátíð, fæðingarhátíð Jesú Krists. Engin manneskja er undanþegin því að bera ákveðnar væntingar til lífsins, annars yrði víst lítið um vonbrigði. En hvernig væntingar eigum við að bera til lífsins? Þeir velferðartímar, sem við íslensk þjóð höfum lifað undanfarin ár, hafa falið í sér uppfyllingu margvíslegra væntinga í efnahagslegu tilliti og er það vel. En það er ekki hægt að reiða sig á efnahagslega velferð eins og reynslan sýnir og hefur margoft sýnt. Það er einmitt vegna þess að mölur og ryð eyðir fjársjóði á jörðu, en ekki himneskum fjársjóði eins og Frelsarinn orðaði það í Biblíunni. Himneskur fjársjóður eru m.a. tilfinningaleg gildi og tengsl. Ósjaldan verða slík gildi okkur ljós þegar efnahagur hrynur, það er hið jákvæða í stöðunni. Með það í huga lítum við til þess að sterkari stoðir liggja að baki væntingum til hins himneska fjársjóðs, heldur en hins jarðneska. Væntingarnar, sem við berum til innihalds kristinnar

fæðingarhátíðar, eru því byggðar á traustum stoðum, sem bregðast ekki. Orð Guðs, sem varð hold, stendur stöðugt. Jólahátíðin er tengslahátíð, fjölskylduhátíð, þar finnum við einmitt svo sterkt fyrir gildi þess að eiga góða að og það er ekki lítið þegar peningavélin hefur bilað. Þannig er ekki verið að leiða huga fólks frá þeim hremmingum öllum, heldur minna á þær væntingar, sem falla aldrei úr gildi og leiða okkur áfram og hafa kannski horfið í peningahaf undangenginna missera. Og talandi um tengslahátíð, þá verður mér hugsað til ferðar, sem ég fór á haustmánuðum til Kenýja. Þar sá maður raunverulega neyð, sem við getum engan veginn ímyndað okkur, hún er okkur svo fjarlæg. Þrátt fyrir það voru fátækir Kenýjubúar lífsglaðir, þeir voru líka saman, fjölskyldurnar voru saman, meira að segja þjuggu saman, hjálpuðust að, og þær komu saman til kirkjunnar, sungu saman, hlustuðu saman, deildu væntingum og vonbrigðum saman og trúin skein í gegn. Það er ómetanlegt að hafa styrk af fólkinu sínu, höfum það hugfast nú á þessum trúartíma væntinga, þegar við undirbúum jólahátíð og leiðum hugann að þeim boðskap, sem leggur áherslu á lífsins gildi eins og kærleika, sannleika, réttlæti og frið.

*Bolli Pétur Bollason*

## Jólasöfnun Hjálparstarfsins

Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar er fólgin í því að sendir eru gróseðlar inn á öll heimili landsins. Upphæðin á seðlinum er 2.500 krónur.

Helmingurinn rennur til vatnsverkefna í Afríku og helmingurinn til aðstoðar innanlands.

Hreint, tært og frískandi vatn er undirstaða alls lífs í heiminum. Greiddur seðill gefur sjö manns hlutdeild í brunni og þar með vatn til áratuga. Greiddur seðill veitir líka bágstöddum á Íslandi hjálp til að brúa erfitt bil. Saman hjálpum við heima og heiman.

Fyrir utan að greiða heimsenda gróseðla er hægt að fara á [framlag.is](http://framlag.is)

og velja málefnið sem gjöfin á að renna til, gefa gjafabréf í jólagjöf á [gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is) eða hringja í söfnunarsíma 907 2002 til að gefa til aðstoðar innanlands og 907 2003 til aðstoðar erlendis.

Jafnframt má benda á að gömlu góðu söfnunarbaukana er hægt að fá hjá Hjálparstarfinu í síma 528 4400. Þeim verður að vanda dreift í barnastarfi í kirkjunni okkar. Baukunum söfnum við saman við barnaguðsþjónustu 21. desember. Þeir sem vilja bauk geta haft samband við skrifstofuna og fengið hann í pósti. Stöndum saman og réttum hjálparhönd - heima og erlendis.



## Fréttir

### Jólaguðsþjónustur skólanna

Það er fastur liður í jólaundirbúningi að nemendur grunnskóla og leikskóla sóknarinnar koma til kirkjunnar sinnar og halda þar guðsþjónustu. Mikill undirbúningur er gjarnan fyrir þessar guðsþjónustur, jólasálmarnir sungnir, jólasagan oft flutt í leikrænu formi og sögur sagðar. Að njóta þannig stunda er gott vegarnesti sem gefur góðar minningar. Foreldrar eru að sjálfsögðu velkomnir til þátttöku með börnum sínum til þessara guðsþjónusta. Nú í ár verða skólaguðsþjónusturnar á þessum tímum.

Þriðjudaginn 16. desember verða bekkir Ölduselsskólans, 5., 6. og 7. bekkur kl. 8:50, 1. og 2. bekkur kl. 10. 3. og 4. bekkur Ölduselsskóla verða kl. 11:30.

Miðvikudaginn 17. desember verða guðsþjónustur leikskólanna, kl. 10 og kl. 13.

Fimmtudaginn 18. desember eru 1. og 2. bekkur Seljaskóla með guðsþjónustur sínar kl. 8.40.

Guðsþjónustur 4. og 6. bekkja Seljaskólans verða kl. 10.


Guðsþjónustur 3. og 5. bekkja Seljaskólans verða kl. 13.

Föstudaginn 19. desember er guðsþjónusta fyrir 7. bekk, unglíngadeildir og starfslíð Seljaskóla kl. 10 og unglíngadeildir og starfslíð Ölduselsskóla kl. 11.

### Heimasíða kirkjunnar

Það má fylgjast með fréttum af starfi kirkjunnar á heimasíðu safnaðarins. Þar er reynt að hafa allar fréttir nýjar þannig að þær gefi góðar upplýsingar um það sem framundan er. Hvetjum við safnaðarfólk til að kynna sér starfið á síðunni, slóðin er:

<http://www.seljakirkja.is>



## Söfnun Sela til Hjálparstarfs kirkjunnar

Söfnun æskulýðsfélagsins Sela til Hjálparstarfs kirkjunnar Í byrjun nóvember var átak Hjálparstarfs kirkjunnar með unglíngum safnaðanna. Ungmennni úr 65 sóknum í öllum landshlutum gengu í hús og söfnuðu peningum til verkefna í Mósambík, Malaví, Úganda og Eþíópíu. Í öllum þessum löndum eru mikil vandamál fátæktar. Með söfnuninni var einkum beint athygli að hjálp vegna öflunar á neysluvatni. Krakkarnir í Sela, æskulýðsfélagi Seljakirkju, tóku fús og kát þátt í söfnuninni. Veðrið lék ekki við þau þessi kvöld, haugarigning, en þau létu það ekki á sig fá heldur gengu ótrauð til verks og söfnuðu rúmlega eitthundrað og fimmtíu þúsund krónum, sem rennur óskípt til verkefnis Hjálparstarfsins. Það var þeim til sóma. Það eru margreynd sannindi að mesti gleðigjafinn er að láta gott af sér leiða.

## Talning í kirkjunum

Á þessu hausti hefur sameiginlega verið unnið í Reykjavíkurprófastsdæmum að fylgjast með hversu margir koma til sóknarkirknanna. Í Seljakirkju höfum við tekið átt í þeirri talningu og fylgst með hversu margir sækja starfsemi í kirkjumíðstöðinni. Alla daga vikunnar er þar margháttað starfsemi. Þær tölur sýna að vikulega koma liðlega þúsund manns til starfs og þátttöku í starfsemi kirkjunnar. Að því viðbættu er margar vikur, þar sem svo margar athafnir eru að talan hækkar verulega. Það er mikill misskilningur að kirkjumíðstöðvarnar séu ekki mikið notaðar. Slíkt fullyrða þeir einir sem ekkert þekkja til þess sem þeir fullyrða um. En það er fengur fyrir okkur sem eigum Seljakirkju að þar megum við njóta góðra stunda. Það skyldum við nýta okkur vel.



Glaðir félagar SELA við söfnun Hjálparstarfs kirkjunnar

## Kyrrar stundir á aðventu

Kirkjan er opin sérstaklega til einkabæna á aðventunni, hvern föstudag kl. 19 til 21

Við leggjum á það áherslu í Seljakirkju, að kirkjan sé öllum opin. Þangað er því hægt að koma til þess að eiga stundir með Guði sínum og frelsara. Það gerum við að sjálfsögðu við guðsþjónusturnar og biðjum með öðrum. Stundum er líka gott að vera einn með Guði, eiga þar hljóða stund. Það er algengt að fólk komi og setjist inn í kirkju til að biðjast fyrir án þess að þar sé auglýst guðsþjónusta Seljakirkja er ávallt opin til þess, svo fremi að ekki séu athafnir í kirkjunni.

Nú á aðventunni verður Seljakirkja opin sérstaklegan til þess að gera þannig stundir auðveldari. Á föstudögum á aðventunni verður séð til þess að ekki fari annað fram í húsinu milli kl. 19 og 21. Inni í kirkju verða kertaljós og kyrrð. Þá er ljúft að koma til þess að þakka fyrir lífið. Á erfiðum tímum getur verið nauðsynlegt að eiga stund á helgum stað. Leita þar uppörvunar, vera einn með Guði. Fólk getur staðið þar við stutt eða lengi. Engin dagskrá verður önnur en kyrrðin og helgin.

## Jóla kort

Eins og áður eru jóla kort Seljakirkju seld á aðventunni. Á þeim er mynd kirkjunnar. Nú í ár hafa ýmsar gerðir kortanna verið settar saman til sölu. Með jóla kortum kirkjunnar okkar minnum við á það starf sem unnið er í kirkjunni, boðskapinn um Jesú Krist, boðskap jólaanna. Allur ágóði af sölu jóla kortanna rennur til styrktar safnaðarstarfinu. Unglingar munu ganga í hús eftir því sem unnt er. Þeim þurfum við að taka vel. Einnig eru kortin seld í kirkjunni og verslunum, 8 stk. kosta 500 kr.

## Minningar kort

Þegar dauðsfall ber að höndum er það góður siður að senda vinum kveðju til að sýna samhug og vináttu, en láta þá stuðning renna til styrktar góðu starfi. Til þess eru minningar kort. Minningar kort Seljakirkju hafa í gegnum árin verið mörgum slíkt tilefni. Þau fást í kirkjunni og starfsfólk þar sér um að pósthleggja þau til þess sem óskað er eftir. Með þeim er hlý kveðja og fyrirbæn. Safnaðarfólk er hvatt til að nota minningar kort kirkjunnar sinnar.

# Aðventudagskrá í Seljakirkju 2008

## 30. nóvember 1. sunnudagur í aðventu

kl.11	Barnaguðsþjónusta
kl.14	Guðsþjónusta - Altarisganga Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar Barnakórinn og kirkjukórinn flytja tónlist
kl. 16	Guðsþjónusta Skógarbæ Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
kl. 20	Aðventukvöld Fjölbreytt aðventudagskrá Kirkjukórinn syngur. Stjórnandi: Jón Bjarnason Undirleikur: Tómas Guðni Eggertsson Seljur, kór kvenfélagsins, syngja undir stjórn Svövu Ingólfssdóttur Félagar úr æskulýðsfélaginu Sela sýna leikþátt Haukur Ísfeld les aðventusögu. Hugvekju flytur Óskar Bergsson

## 2. desember

kl. 19.30	Jólafundur Kvenfélags Seljasóknar Aðventudagskrá Hugvekjur flytja sr. Valgeir Ástráðsson og Ragnheiður Baldursdóttir Upplestur, Seljurnar syngja, hátíðarmatur og jólapakkar. Þátttaka tilkynnist til stjórnarkvænna
-----------	---

## 7. desember 2. sunnudagur í aðventu

kl. 11	Barnaguðsþjónusta
kl. 14	Guðsþjónusta - Altarisganga Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar Einsöng syngur Anna Jónsdóttir
kl. 17	Aðventutónleikar Karla-kórsins Fóstbræðra í Seljakirkju Stjórnandi er Árni Harðarson Einsöng syngur Þóra Einarsdóttir Sr. Valgeir Ástráðsson flytur hugvekju

## 14. desember 3. sunnudagur í aðventu

kl. 11	Barnaguðsþjónusta
kl. 14	Guðsþjónusta Sr. Bolli Pétur Bollason prédikar Nemendur úr tónskóla Eddu Borg flytja tónlist
kl. 20	Aðventusamkoma Sr. Valgeir Ástráðsson og Jón Bjarnason flytja aðventudagskrá í tali og tónum með aðstoð kammerkórs

## 21. desember 4. sunnudagur í aðventu

kl. 11	Barnaguðsþjónusta Lúðrasveit Austurbæjar leikur, stjórnandi: Vilborg Jónsdóttir
kl. 14	Guðsþjónusta Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar Graduale Nobili kór Langholtskirkju syngur undir stjórn Jóns Stefánssonar
kl. 20	Kvöldguðsþjónusta - Altarisganga Sr. Bolli Pétur bollason prédikar Þorvaldur Halldórsson sér um tónlistina

Gjör dymar breiðar, hliðið hátt.  
Þú, Herrans kristni, fagna mátt,  
því kóngur dýrðar kemur hér  
og kýs að eiga dvöl hjá þér.

Hann býður líknar blessað ár,  
hann býður dýpst að græða sár,  
hann býður þyngstu' að borga sekt,  
hann býður aumra' að skýla nekt.

Sjá, mildi' er lögmál lausnarans.  
sjá, líkn er veldissproti hans.  
Því kom þú, lýður kristinn, nú  
og kóngi dýrðar fagna þú.

Hve selt það land, hve selt það hús,  
er sælugjafinn líknarfús  
sér trútt og hlýðið fundið fær,  
þar friður, heill og blessun grær.

Hve selt það hjarta ávallt er,  
sem ást til Krists með lotning ber  
og honum í sér bústað býr,  
að bragði sorg öll þaðan flýr.

Gjör dymar breiðar, hliðið hátt,  
þig, hjarta, þryð sem best þú mátt,  
og trúarlampann tendra þinn,  
og til þín bjóð þú Jesú inn.

Ég opna hlið míns hjarta þér,  
ó, Herra Jesús, bú hjá mér,  
að fái hjálparhönd þín sterk  
þar heilagt unnið náðarverk.

Ó, kom, minn Jesús, kom sem fyrst,  
ó, kom og mér í brjósti gist,  
ó, kom þú, segir sála mín,  
ó, seg við mig: Ég kem til þín.



Safnaðartíðindi Seljasóknar  
29. árg. 3. tbl. Aðventa 2008

Seljakirkja  
v/Raufarsel 109 Reykjavík. s: 567 0110  
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Ástráðsson  
Útlitshönnun: Gisli B. Björnsson  
Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson  
Prentun: Svansprent hf.  
Upplag: 3000 eintök.